

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 29.04.2021  
Tilv. 2021/0323 - 0.3.01  
ÞÁÁ

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál**

Vísað er til tölvubréfs, dags. 15. apríl 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðinu nikótínvörur sé bætt inni 1. gr. laga nr. 87/2018 þar sem vísað er til rafrettna. Neytendastofa leggur til að í ákvæðið þar sem fjallað er um heimildir til innflutnings verði bætt inn „og áfyllingar fyrir rafrettur“ til samræmis við önnur ákvæði laganna. Ákvæðið yrði þá svohljóðandi:

*„Markmið laga þessara er að veita heimildir til innflutnings, sölu, markaðssetningar og notkunar nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur og tryggja gæði og öryggi nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur á markaði og tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn geti ekki keypt nikótínvörur og rafrettur.“*

Í a. lið 14. gr. er orðinu nikótínvörur bætt inn í 1. mgr. 13. gr. laganna. Neytendastofa leggur til að til samræmis við 16. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu sem vísað er til í ákvæðinu verði orðunum „eftir því sem við getur átt“ bætt inn í málsgreinina. Ákvæðið yrði þá svohljóðandi:

*„Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fer með markaðseftirlit með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal setja á stofn samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur, eftir því sem við getur átt, til að fara með eftirlit með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur, sbr. [16. gr. laga nr. 134/1995](#).“*

Í b. lið sömu greinar er lögð til breyting á 13. gr. laganna með því að bæta inn nýjum málslíð varðandi eftirlit Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skv. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu en laganúmer laganna virðist hafa misritast og er tilgreint sem lög nr. 57/2005 en á að vera lög nr. 135/1995.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Þórunn Anna Árnadóttir  
Forstjóri



Skarphéðinn Grétarsson